



Borgarráð

***Stýrihópur um heildstæða stefnu í aðgengismálum***

Drög að erindisbréfi stýrihóps um heildstæða stefnu í aðgengismálum eru lögð fram til samþykktar. Óskað er eftir því að borgarráð skipi þrjá fulltrúa í stýrihópinn. Stýrihópurinn hefur það hlutverk að marka heildstæða stefnu um aðgengismál í víðum skilningi í Reykjavík með algilda hönnun að leiðarljósi, bæði hvað varðar aðgengi að byggingum og borgarrýmum og hvað varðar aðgengi að upplýsingum og þjónustu.

Dagur B. Eggertsson

Hjálagt:

Drög að erindisbréfi stýrihóps um heildstæða stefnu í aðgengismálum.

# ERINDISBRÉF

## Stýrihópur um heildstæða stefnu í aðgengismálum

### Ábyrgðarmaður:

Borgarstjórinn í Reykjavík.

### Hlutverk stýrihóps:

Stýrihópurinn hefur það hlutverk að marka heildstæða stefnu um aðgengismál í víðum skilningi í Reykjavík með algilda hönnun að leiðarljósi, bæði hvað varðar aðgengi að byggingum og borgarrýmum og hvað varðar aðgengi að upplýsingum og þjónustu.

Í vinnu sinni byggi stýrihópurinn á þeim skýrslum og úttektum sem þegar hafa verið unnar innan borgarkerfisins til viðbótar við utanaðkomandi rannsóknir, þekkingu og reynslu hérlendis sem erlendis. Þar að auki taki stýrihópurinn mið af samþykktri stefnu Reykjavíkurborgar um aðgengismál frá árinu 2004.

### Helstu verkefni:

- Að gera tillögu um heildstæða stefnu Reykjavíkurborgar í aðgengismálum með algilda hönnun að leiðarljósi sem m.a. taki til hönnunar bygginga og borgarrýma, þjónustu og upplýsingaveitingar. Í stefnunni skal haft að leiðarljósi að koma til móts við ólíkar þarfir mismunandi hópa.
- Að skilgreina hvernig upplýsingamiðlun eigi að vera háttáð svo hún mæti aðgengisþörfum fatlaðs fólks.
- Að horfa til algildrar hönnunar við þjónustuveitingu þannig að umhverfi og þjónusta gagnist sem flestum.
- Að huga að aðgengi að húsnæði í eigu borgarinnar eða húsnæði sem borgin leigir fyrir starfsemi sína.
- Að yfirfara verkferla til að tryggja að allar framkvæmdir auki aðgengi með algildri hönnun að leiðarljósi sem og að aðgengi sé með bestu móti á framkvæmdatíma.
- Að gera tillögu um innleiðingarátætlun á grundvelli stefnunnar.

### Stýrihópurinn skipa:

Þrjú fulltrúar skipaðir af borgarráði.

### Starfsmenn:

Fulltrúar mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu, velferðarsviðs, þjónustu- og nýsköpunarsviðs og umhverfis- og skipulagssviðs starfi með hópnum.

### Til ráðgjafar og samstarfs:

Við gerð stefnunnar skal haft samráð við notendur þjónustunnar og aðra hagsmunaaðila. Að auki leiti starfshópurinn ráðgjafar innan og utan borgarkerfis hjá aðilum með sérþekkingu á viðfangsefninu.

### Starfstímabil:

Niðurstöður stýrihópsins verði lagðar fyrir borgarráð fyrir lok 15. febrúar 2021.

Reykjavík, [Dags.]

Dagur B. Eggertsson